

## AUGLÝSING

**um gildistöku breytinga frá 1975 á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).**

Hinn 22. maí 1982 öðlaðust gildi breytingar á samþykkt frá 6. mars 1948 um Alþjóðasiglingamálstofnunina sem þing stofnunarinnar gerði með ályktun A.358(IX) 14. nóvember 1975, leiðréttri með ályktun A.371(X) 9. nóvember 1977, en þó ekki breytingar við 51. gr. Breytingar við 51. gr. öðlast gildi 28. júlí 1982.

Breytingar þessar eru birtar sem fylgiskjal I. a. og b. með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1980.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

Nr. 10

## AUGLÝSING

22. júní 1982

**um viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.**

Hinn 29. maí 1982 öðlaðist gildi viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Spánar. Viðbótarsamningur þessi var undirritaður í Brussel 10. desember 1981.

Viðbótarsamningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 26. febrúar 1982 samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 25. febrúar 1982.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

**Fylgiskjal.****VIÐBÓTARSAMNINGUR****við Norður-Atlantshafssamninginn  
um aðild Spánar.**

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það að Konungsríkið Spánn gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

## 1. gr.

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins skal við gildistöku viðbótarsamnings þessa bjóða, fyrir hönd allra samningsaðila, ríkisstjórn Konungsríkisins Spánar að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Í

**PROTOCOL****to the North Atlantic Treaty on the  
Accession of Spain.**

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Kingdom of Spain to that Treaty,

Agree as follows:

*Article I*

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organization shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Kingdom of Spain an invitation